

Verkefni: Félagsfundur Gígjunnar á landsmóti 2008
Dagsetning fundar: 26. apríl 2008
Tímasetning fundar: 8:45 – 9:00
Fundarstaður: Íþróttahúsið á Höfn í Hornafirði

Stjórnarmenn Gígjunnar:

Sigrún Óskarsdóttir (SO)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergsdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Fjarverandi
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (PV)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Aðildarkóra Gígjunnar:

Jórukórinn Selfossi,
Kvennakór Garðabæjar,
Kvennakór Hafnarfjarðar,
Kvennakór Hornafjarðar,
Kvennakór Kópavogs,
Kvennakór Reykjavíkur,
Kvennakór Suðurnesja,
Kvennakórinn Heklurnar,
Kvennakórinn Kyrjurnar,
Kvennakórinn Ljósbrá,
Kvennakórinn Seljurnar,
Kyrjukórinn Þorlákshöfn,
Senjorítur Kvennakórs Reykjavíkur.

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Kynning á Gígjunni**

Sigrún Óskarsdóttir formaður ávarpaði fundinn og óskaði Kvennakór Hornafjarðar til hamingju með velheppnaða móttöku kvöldinu áður. Síðan var farið yfir markmið Gígjunnar og hvernig stjórnin leitast við að ná þeim markmiðum. Í lokin nefndi SÓ að verndari Gígjunnar væri Margrét Bóasdóttir og oftast en ekki væri leitað í hennar viskubrunn.

2. Gögn frá liðnum landsmótum nú aðgengileg á vefsetrinu

Dagbjört Sigurbergsdóttir sagði frá söfnun upplýsinga um landsmótin sem haldin hafa verið. Búið er að halda 7 landsmót og eru upplýsingar um þau öll nú aðgengileg inn á vefsetri sambandsins.

Röðun	Ár	Staðsetning	Mótshaldari
1	1992	Félagsheimilið Ýdalir, Ýdölum	Kvennakórinn Lissý
2	1995	Reykjavík	Kvennakór Reykjavíkur
3	1997	Reykholzt Borgarfirði	Freyjukórinn í Borgarfirði
4	1999	Siglufjörður	Kvennakór Siglufjarðar
5	2002	Reykjanesbær	Kvennakór Suðurnesja
6	2005	Hafnarfjörður	Kvennakór Hafnarfjarðar
7	2008	Hornafjörður	Kvennakór Hornafjarðar

Stjórn Gígjunnar tekur glöð á móti öllum athugasemdum sem kórarnir kunna að hafa við þessa upplýsingaöflun og endilega ef þeim detta fleiri atriði í hug þá er um að gera að senda póst á netfang sambandsins.

3. Gígjan er aðili að SFH

Puríður Pétursdóttir sagði frá inngöngu Gígunnar inn í SFH og aðdraganda þess máls.

4. Kynning á vefsetri Gígunnar

Sigrún Óskarsdóttir sýndi fundarmönnum vefsetur Gígunnar á skjávarpa. Sagði meðal annars frá upplýsingum um aðildarkórana, fundargerðum, póstlistanum sem inniheldur um 170 netföng kórkvenna og stjórnenda og sýndi leitarvél Íslensku Tónverkamiðstöðvarinnar. Einnig sagði SÓ að vefsetrið væri mikið notað sem fréttavefur og að kórar væru duglegir að senda inn fréttir. SÓ sagði einnig vefsetrið auðvelt í notkun og að primus motor væri ritarinn Heiða Gunnarsdóttir, sem sæi um að setja allt efni inná vefsetrið.

Í lok fundar óskaði SÓ þess að kvennakórskonur ættu eftir að eiga skemmtilega helgi saman í vináttu, gleði og söng.

Ritari fundargerðar: Sigrún Óskarsdóttir